

	rd.	sk.	1870.
54. Stöð í Stöðvarfirði	217.	1	8. júlí.
55. Mosfell í Grímsnesi	216.	37	
56. Garpsdalur	211.	94	
57. Stóri-Núpur	203.	44	
58. Breiðavíkur þing	201.	76	
59. Rípur í Hegranesi	193.	14	
60. Þönglabakki	185.	51	
61. Stóridalur	178.	21	
62. Staður á Snæfjallaströnd	175.	13	
63. Hjaltabakki	174.	38	
64. Otrardalur	148.	28	
65. Miðgarðar í Grímsey	145.	91	
66. Knappstaðir í Stíflu	141.	10	
67. Ásar í Skaptártungu	134.	84	
68. Staður í Súgandafirði	129.	57	
69. Kálfafell á Síðu	118.	41	
70. Sandfell í Örafum	111.	89	

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um lestagjald af saltfarmi, og um leiðarbréf.

9. júlí.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, hafið sent hingað bænarskrá, þar sem bæjarfógetinn í Reykjavík sækir um, að það megi leyfast Oddi Gíslasyni í Reykjavík að afferma 50 tunnur af salti úr frakknesku fiskiskipi „*Victorine*“, sem lá þar á höfninni, án þess að leiðarbréf sé tekið handa skipi þessu, eða þá að minnsta kosti að leyfið fáiast með því móti, að borgað verði lestagjald einungis af því lestarúmi, sem þessi saltfarmur var í, hafið þér í bréfi, dagsettu 29. apríl. þ. á. skýrt frá, að vegna þess salt vantaði þá með öllu í Reykjavík og kaupstöðunum þar í kring, þá hafi yður virzt svo, sem yður bæri að veita þetta, þegar svo stæði á, að skipið væri ekki komið til Reykjavíkur í þeim tilgangi að verzla

1870.
9. júlí.

þar, og að kaupandi ætlaði ekki að hafa saltið til verzlunar, og þykist þér hafa heimild til þessa af því, sem líkt er fyrir mælt í lögum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854 2. gr. í niðurlaginu. Um leið og þér leitið samþykkis stjórnarráðsins til þessarar ráðstöfunar, hafið þér þar að auki skotið því til úrskurðar stjórnarráðsins, hvort gefa megí upp allt lestagjaldið, eða hvort kaupandinn skuli greiða gjald af því lestarúmi, sem saltið var í, en þetta gjald verður 4 rd. 48 sk.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið skrifazt á við fjárhagsstjórnina, og gefst yður til vitundar, að þó eigi sé nein heimild fyrir ráðstöfun yðar í því lagaboði, sem þér hafið skýrskotað til og sem er sérstök undantekning, virðist stjórnarráðinu vera ástæða til, eptir því sem atvikazt hefir, að fallast á hana þannig, að ekkert lestagjald verði goldið af skipi því, sem hér var um getið.

9. júlí.

63. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtamannsins yfir Íslandi, um brot gegn verzlunarlögnum.

Utanríkisstjórnin hefir skýrt frá, að formaðurinn á hinu norska skonnortuskipi „*Mercantil*“, að stærð 26 norskar lestir, eða 29½ dönsk lest, sem er jafnt 54,08 registertons, *I. Reinertsen*, hafi samkvæmt skýrslu frá hinum danska verzlunarfulltrúa í Björgvin siglt þaðan í öndverðum júním. þ. á. til Reykjavíkur með farm af möluðu og ómöluðu korni og öðrum varningi, án þess að hafa leitað til verzlunarfulltrúans, til þess að fá staðfestingu hans, samkvæmt lögnum um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apríl 1854, 8. grein, ritaða á heilbrigðisskrána og heilbrigðisskýrteinið.

Um leið og þetta gefst yður til vitundar, svo þér gjörðið þær ráðstafanir, sem með þarf, mælumst vèr til þess samkvæmt beiðni utanríkisstjórnarinnar, að þér, herra stiptamtmaður, hlutist til um, að gjald það, sem skipstjóri á að greiða verzlunarfulltrúanum samkvæmt 8. gr. tðdra laga og erindisbréfi hinna dönsku verzlunarfulltrúa í útlöndum, 24. marz 1868, 46. gr., verði heimtað að honum, og svo sent hingað.